



SÖNGLEIKUR EFTIR EINAR VIÐARSSON, FLOSA EINARSSON OG  
GUNNAR STURLU HERVARSSON

BYGGT Á SAMNEFNDRI SKÁLDSÖGU KRISTÍNAR STEINSDÓTTUR OG HARÐAR SÖGU HÓLMVERJA



# ÁRGANGUR 2009 Í GRUNDASKÓLA KYNNIR SÖNGLEIKINN:



FRUMSÝNING:	FÖSTUDAGINN 29. NÓVEMBER	19:00
2. SÝNING:	SUNNUDAGINN 1. DESEMBER	17:00
3. SÝNING:	MÁNUDAGINN 2. DESEMBER	19:00
4. SÝNING:	MÍÐVIKUDAGINN 4. DESEMBER	19:00
5. SÝNING:	FIMMTUDAGINN 5. DESEMBER	19:00
6. SÝNING:	FÖSTUDAGINN 6. DESEMBER	19:00
7. SÝNING:	SUNNUDAGINN 8. DESEMBER	17:00



LEIKSTJÓRN: EINAR VIÐARSSON  
SÖNGSTJÓRN: MARGRÉT SAGA GUNNARSDÓTTIR  
DANSHÖFUNÐUR: SANDRA ÓMARSÓTTIR  
BÚNINGAHÖNNUN: EYGLÓ GUNNARSDÓTTIR  
FRAMKVÆMDASTJÓRN: HEKLA KAREN STEINARSDÓTTIR,  
LILJA GUÐMUNDSÓTTIR OG URSULA RAGNA ÁSGRÍMSDÓTTIR



 Grundaskóli

ESPIGRUND 1, 300 AKRANESI  
SÍMI: 435-1400  
GRUNDASKOLI@GRUNDASKOLI.IS  
WWW.GRUNDASKOLI.IS

MÍÐAVERÐ: 3000 KR  
MÍÐASALA Á GRUNDASKOLI.IS  
SÝNT ER Á SAL GRUNDASKÓLA



# ÁGÆTU SÝNINGARGESTIR

**Söngleikurinn Vítahringur** er mættur aftur á svið í Grundaskóla. Að þessu sinni eru það nemendur í árgangi 2009 sem sjá um túlkun á verkinu. Vítahringur var fyrst settur upp árið 2008 í anda Íslendingasagnanna. Að þessu sinni er söguvið verksins stílfært á annan hátt án þess að gefa of mikið upp. Verkið hefur verið aðlagð að nemendahóp árgangsins og stíga nú um 50 nemendur á svið en auk þeirra sinna um 20 nemendur hinum ýmsu verkum sem koma að uppsetningu s.s. tæknistjórn, aðstoð á sýningum, leikmynd og förðun.

Söngleikir hafa verið veigamikill hluti af skóla-starfi unglingadeildar skólans allt frá árinu 2003 þegar fyrsti söngleikurinn var frumsýndur.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum tíma en þó er eitt sem hefur ætíð verið til staðar; frábært tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í skapandi verkefni og um leið gott tækifæri til að takast á við ýmsar hindranir eins og fara út fyrir þægindaramma hvers og eins. Tækifæri sem við erum afar stolt af að geta veitt nemendum okkar.

Um leið og við óskum sýningagestum góðrar skemmtunar þá vonumst við til þess að sjá sem flesta á sýningum og hlökkum til að deila með ykkur afrakstri þeirrar miklu vinnu sem nemendur hafa lagt á sig undanfarna mánuði.

Góða skemmtun.

Teymi 10.bekkjar 2024

## Á BAKVIÐ TJÖLDIN

Að uppsetningu **Vítahrings** kemur hópur hæfileikafólks sem flest er að finna í okkar fjölbreytta starfsmannahópi og hafa margir tekið þátt í fjölda uppsetninga á vegum skólans.

Fremstan ber að nefna **Einar Viðarsson** leikstjóra sýningarinnar, sem hefur frá árinu 2005 leikstýrt fjölda verka bæði innan Grundaskóla og í bæjarfélaginu okkar. Einar hefur einstaka listræna sýn og brennandi áhuga á leiklist sem fær að njóta sín í vinnu sem þessari.

**Eygló Gunnarsdóttir** leiðir hönnun og gerð búninga eins og hún hefur gert síðustu ár. Þess má geta að fyrsti söngleikurinn sem Eygló kom að var einmitt Vítahringur árið 2008. Í ár fær hún aðstoð frá **Victoria Rachel Zamora** sem starfar sem skólaliði við Grundaskóla.

Söngur er stór hluti af verkinu og þar hefur **Margrét Saga Gunnarsdóttir** haldið um taumana af sinni stöku snilld. Þess má geta að Margrét fór með hlutverk Afreku í upphaflegu uppfærslu verksins. Einnig hefur Flosi Einarsson komið að uppsetningunni sem tónlistar- og tæknilegur ráðgjafi.

**Sandra Ómarsdóttir** er danshöfundur verksins. Sandra þekkir hvern krók og kima þegar kemur að uppsetningum í Grundaskóla en hún hefur allt frá árinu 2013 verið skólanum innan handar og sett sinn skemmtilega listræna brag á uppsetningu verkanna.

Sviðsmyndin er eins og undanfarin ár í höndum **Auðar Líndal** og **Einars Viðarssonar**. Auður hefur sýnt bæjarbúum með einstökum hæfi-

leikum sínum að ekkert er ómögulegt þegar kemur að hönnun leikmyndar. Auður og Einar ásamt frábærum foreldrum árgangsins lagt sitt á vogar-skálarnar og skapað heillandi umgjörð sem styður vel við dramatiska ásýnd verksins.

Þúsundþjalasmiðurinn **Snorri Kristleifsson** skipar veigamikinn sess í teyminu og kemur að mörgum þáttum verksins. Meðal þess má nefna uppsetningu og útlit leikskrár og hafa ófáar vinnustundir farið í þá vinnu.

Umsjónarkennarar árgangsins og framkvæmdastjórar verksins eru **Hekla Karen Steinarsdóttir**, **Lilja Guðmundsdóttir** og **Ursula Ásgrímsdóttir**. Hafa þær ásamt **Guðrúnu Eiríksdóttur**, stuðningsfulltrúa, spilað veigamikið hlutverk í ýmsum þáttum er varða uppsetningu söngleiksins. Þegar kemur að verkefni sem þessu er nauðsynlegt að hafa góða verkstjórn, vilja til að gera vel og er óhætt að segja að framkvæmdastjórar verksins hafi svo sannarlega lagt sitt af mörkum.

Síðast en ekki síst ber að nefna **foreldra í árganginum**. Þeir hafa sýnt hversu mikilvægt er að heimili og skóli taki höndum saman þegar um svona verkefni er að ræða. Án aðkomu þeirra væri þetta ekki hægt, frábær samstilltur hópur fullur af hæfileikum.

Einstök samvinna allra sem að uppfærslunni koma tryggir faglega og kraftmikla sýningu þar sem nemendur fá tækifæri til að blómstra á sviðinu í verki sem endurspeglar metnað og sköpunargleði Grundaskóla.

# AFTUR TIL ÁRSINS 2008

## INGA MARÍA HJARTARDÓTTIR

### Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?

Þetta var alveg ógeðslega gaman svo ekki sé meira sagt. Klárlega eitt það eftirminnilegasta við Grundaskóla árin.

### Hvað er uppáhalds atriðið þitt úr Vítahring?

Dauðastund, ekki spurning! Fæ ennþá gæsaþú að hugsa um það atriði. Svo fannst mér ofboðslega gaman að syngja lokalagið og elskaði að fylgjast með Húsið á hæðinni baksviðs.

### Hver var uppáhalds persónan þín í verkinu?

Mér fannst auðvitað mjög gaman að leika Kormlöðu og tengdi sterkt við hvað hún var jákvæð og þótti vænt um systur sína. Sóti Ljóti var svo með gríðarlega sterka innkomu, það má ekki gleymast.

### Ertu með einhver ráð fyrir krakka sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?

Njóta ferlisins í botn og taka nóg af myndum! Þetta er klárlega highlight af Grundaskóla árunum og hvort sem maður tekur þátt í fleiri leikritum eða ekki þá er og verður þetta alltaf algjörlega einstakt.

### Fannst þér leikritið breyta einhverju fyrir félagslífið í unglingsdeildinni?

Eitt það besta við leikritið var hversu vel við kynntumst öll þrátt fyrir að vera ekki saman í vinalóp eða bekk. Þarna fengum við alveg einstakt tækifæri til þess að mynda vinasambönd, þannig



að já, klárlega, við urðum öll nánari fyrir vikið.

### Hvað er eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?

Vítahringur var fyrst settur á svið árið 2008, árið sem stóra bankahrunið varð á Íslandi. Eitt það eftirminnilegasta í æfingaferlinu var þegar Flosi, Einar og Gunnar tóku fund með okkur þar sem þeir sögðu okkur að leikritið myndi fara fram þrátt fyrir hrunið, sem var alls ekki sjálfsagt miðað við ástandið í samfélaginu.



Á léttari nótum var að sjálfsögðu eftirminnilegast þegar Sverrir (Grímkell) gleymdi bókinni í upphafsatriðinu og þóttist lesa af lófunum sínum. Einar og co. voru ekki þar sáttir. Örugglega eitt myndasta í æfingaferlinu var svo þegar Guðmundur var að æfa skræku röddina fyrir sögu-stundina, við gátum ekki hætt að hlæja. Sömu-leiðis er mér mjög eftirminnilegt hversu illa litlu frænkum mínum var við Danna sem lék Glúm af því hann var vondur við stóru frænku í leikritinu.

### Myndir þú mæla með að taka þátt í svona verki?


Ekki spurning!! Það er svo geggjað að stíga út fyrir þægindarammann og taka þátt í einhverju sem reynir á mann á ýmsa vegu.

### Eitthvað að lokum?

Ég hlakka ótrúlega til að koma og sjá leikritið túlkað af nýrri kynslóð öllum þessum árum seinna. Það er magnað að hugsa til þess að árgangurinn sem setur verkið upp í dag var ekki fæddur þegar það var upprunalega sýnt! Starfsfólk Grundaskóla gerði þetta svo ofboðslega vel árið 2008 með því að flétta flest öll verkefni tengd leikritinu inn í hefðbundið skólastarf sem lífgaði svo sannarleg upp allt skólalífið. Þvílíkt sem Grundaskóli er heppinn með þetta metnaðarfulla og skapandi starfsfólk!



GRUNDASKÓLI ER Á SPOTIFY





# KVEÐJA FRÁ SKÓLASTJÓRA

Kæru áhorfendur.

Velkomin í Grundaskóla á söngleikinn Vítahring. Þessi sýning er sett upp af árgangi 2009 og er hluti af lokaverkefni nemenda við skólann. Söguþráður verksins er byggður á samnefndri bók Kristínar Steinsdóttur og Íslendingasögunni Harðar sögu Hólmverja.

Höfundar verksins eru þeir Einar Viðarsson, Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson.

Þessi sýning er full af gleði, dansi, söng, hugrekki og ævintýrum. Hún tekur okkur með í ferðalag í gegnum fegurð lífsins og kraft barnsins í hverju okkar.

Við í Grundaskóla erum einstaklega þakklát fyrir að fá að deila þessari sýningu með ykkur. Verk eins og þetta verður ekki til nema fyrir ómælda samvinnu nemenda, starfsmanna og foreldra. Að baki liggur ótrúleg vinna hjá leikurum, hönnuðum

og tæknifólki sem allt leggur sitt af mörkum til að færa ykkur þessa einstöku upplifun. Öllum þátttakendum og styrktaraðilum sem koma að þessari sýningu eru færðar bestu þakkir fyrir sitt framlag.

Vítahringur er saga sem nær djúpt inn í hjörtu okkar, minnir okkur á að leyfa okkur að dreyma og hlæja. Við vonum að hún snerti ykkur og verði ykkur eftirminnileg upplifun.

Njótið draumanna og njótið sýningarinnar.

Grundaskóli er OKKAR,

**Sigurður Arnar Sigurðsson**  
skólastjóri



# SKAPANDI SKÓLASTARF OG MENNINGARLEGT UPPELDI

Skapandi skólastarf, menningarlegt uppeldi og fjölbreytt mannlíf eru grunnstoðir í þroska og uppeldi barna. Þessi mikilvæga þrenna stuðlar að fjölbreyttri reynslu, víðsýni og sterkari sjálfsmynd. Skapandi skólastarf og uppeldi með menningarlegri áherslu skapar börnum og ungmennum tækifæri til að læra um eigin arfleifð og gildi samhliða fjölmennningarlegri sýn sem undirbýr þau til að taka þátt í nútímasamfélagi.

Kennsla og fróðleikur um ólíka menningarheima dýpkar skilning á samfélagslegum gildum á borð við víðsýni, virðingu og samstöðu. Grundvallarskilningur á fjölbreytni samfélagsins bætir lífsgæði allra barna og stuðlar að samheldnu og opnu samfélagi.

Skapandi skólastarf gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki í að auðvelda börnum að tjá tilfinningar sínar og hugmyndir, þróa gagnrýna hugsun og efla hæfileika sína til að leysa vandamál. Þannig stuðlar skólastarfið að sjálfsöryggi og sjálfstrausti sem er ómetanlegt veganesti. Í skapandi námi fá börn að njóta sín, uppgötva áður óþekkta styrkleika og öðlast dýpri skilning á margbreytilega sköpunar.

Sviðslistir hafa margsönnuð jákvæð áhrif á nám og þroska barna og ungmenna. Með þátttöku í t.d. skólaleikritum fá börn tækifæri til að vinna með samnemendum sínum undir öðrum kringumstæðum, nýta skapandi hugsun, ígrundun og æfa félagsfærni á lifandi hátt. Leiklist hvetur börn til að setja sig í spor annarra, vinna í hópi og eiga heilbrigð skoðanaskipti sem eflir samkennd og styrkir hæfni þeirra til að koma eigin hugmyndum í verk og á framfæri.

Akurnesingar geta verið stoltir af því að eiga skóla sem eru hreyfiafl í skapandi skólastarfi og leggja sitt af mörkum til að stuðla að heilbrigðara, skapandi og víðsýnna samfélagi.

Akraneskaupstaður óskar nemendum Grundaskóla innilega til hamingju með leiksýninguna.

**Vera Líndal**  
verkefnastjóri menningar- og safnamála





# „GEFUR ÞEIM ÓMETANLEGT VEGANESTI ÚT Í LÍFIÐ“

RÆTT VIÐ SIGRÍÐI INDRÍÐADÓTTUR, MÓÐUR ÞRIGGJA ÞÁTTAKENDA Í SÖNGLEIKJUM GRUNDASKÓLA

## Hvernig var að eiga barn/börn sem tóku þátt í söngleik í Grundaskóla?

Ég á þrjár dætur sem allar voru svo heppnar að fá að taka þátt í söngleiknum í Grundaskóla. Sú elsta, Inga María, tók þátt í Vítahring, miðjan, Silla Rún, var í Nornaveiðum og sú yngsta, Mirra Björt, var í Smelli. Eldri frænka þeirra, Silla Halldórs, hafði verið í fyrsta söngleiknum sem Grundaskóli setti upp, Frelsi, og þær fylgdust allar mjög spenntar með því ferli, svo þegar þær fengu aldur til kom ekkert annað til greina en feta í fótspor stóru frænku og taka þátt líka. Þegar mínar stelpur voru í þessu voru sýningarnar í Bíóhöllinni og æfingarnar fóru fram þar líka. Það er mjög mikil vinna við að æfa og setja upp heilan söngleik, og sú dóttir sem var í söngleiknum hverju sinni var þess vegna mikið að heiman vegna æfinga, og auðvitað saknaði mamman hennar mjög mikið, svo ég fann mér leið til að fá að vera með. Ég hafði mjög mikinn áhuga á öllu ferlinu og var þess vegna dugleg að kíkja á æfingar og fékk að sitja úti í sal og fylgjast með. Þegar Silla var að taka þátt í Nornaveiðum, þá fékk Mirra oft að fara með mér niður í Bíóhöll að horfa á æfingar og hún hefði án gríns getað leyst leikarana af ef þeir hefðu forfallast, því hún kunnir allan söngleikinn utanbókar. Söngleikjaferlið er mjög þroskandi og lærdómsríkt fyrir krakkana, því þau læra svo margt annað en er kennt inni í skólastofunni. Svo kynnast þau líka krökkum sem þau myndu kannski ekki umgangast mikið að öðru leyti, sem er mjög dýrmætt. Mér fannst unun að fylgjast með dætrum mínum þroskast í gegnum þetta og hreinlega elskaði að fá að fylgjast með af kantinum utan úr sal.

## Aðstoðaðir þú eitthvað þegar kom að uppsetningu?

Ég held nú að flestir foreldrarnir hafi að einhverju leyti komið að uppsetningunni. Pabbarnir voru gjarna að hjálpa til við sviðsmyndina og við mömmurnar sameinuðumst svo í að græja kvöldmat fyrir krakkana þegar frumsýningin nálgadist og æfingar urðu lengri og stífari. Það var nú engin hugsun á bak við kynjaskiptinguna í þessari foreldraaðstoð, ég held að þetta hafi meira tengst áhugasviði okkar. En þarna fann ég líka fyrir mikilli samheldni foreldrahópsins, sem var mjög gaman að vera hluti af. Krakkarnir voru líka mjög ánægðir með að fá góðan mat og hitta foreldra sína á þessum löngu dögum. Svo man ég reyndar eftir því líka að hafa skaffað eitthvað



Silla Rún, Sigríður, Inga María og Mirra Björt

dót sem vantaði bæði í búninga og sviðsmyndir. Svo reyndar benti ég líka fjölmiðlum á verkefnið eitthvert árið, ætli það hafi ekki verið í kringum Vítahring, því mér fannst mikilvægt að allir Íslendingar fengju að vita af því sem Grundaskóli var að gera, og ef ég man rétt þá skilaði það sér í viðtali við Flosa í Bítinu á Bylgjunni.

## Fannst þér söngleikurinn hafa einhver sérstök áhrif á dætur þínar?

Söngleikjaferlið í unglíngadeildinni í Grundaskóla gerði að verkum að þær fengu tækifæri til að æfa og þjálfa með sér ýmis konar listræna hæfileika, svo sem söng, dans og leiklist. Þær voru allar í tónlistarnámi í Tónlistarskólanum á Akranesi og voru mjög áhugasamar um að taka þátt í söngleikjunum og ég fann að í gegnum söngleikina urðu þær opnari, sjálfsöruggari og hugrakkari í að fara út fyrir þægindahringinn og reyna á sig í alls konar aðstæðum. Mér fannst líka gaman hvað þær voru allar peppaðar fyrir þátttöku hvernar annarrar í söngleikjunum og hvöttu hver aðra áfram. Inga María fór svo eftir útskrift frá FVA í tónlistarháskóla í Bandaríkjunum og Mirra Björt fór beint eftir Grundaskóla á leiklistabrautina í Fjölbautaskólanum í Garðabæ, þar sem hún tók þátt í öllum uppfærslum skólans meðan á náminu stóð, auk þess sem hún skrifaði og leikstýrði sínum eigin söngleik. Mirra var líka mikið í leiklistastarfi í Borgarleikhúsinu á meðan hún var í unglíngadeildinni í Grundaskóla og stundar enn þann dag í dag nám við söngleikjadeildina í Söngskóla Sigurðar Demetz. Þessi reynsla úr Grundaskóla hafði þannig líka áhrif á bæði áhugasvið og námsval hjá þeim eftir grunnskólann.



## Hvaða merkingu eða áhrif finnst þér svona verkefni hafa á krakka og skólasamfélagið í heild?

List- og verkgreinar eru ekki síður mikilvægar en bóklegu greinarnar. Þær reyna á allt aðra hluti hjá krökkunum, hluti sem maður lærir aldrei úr bók. Söngleikjaverkefnið þjálfar upp listrænu hæfileikana, söng, dans, leik og tjáningu, auk þess sem það þroskar krakkana gríðarlega mikið. Þátttaka í söngleikjunum þjálfar þau líka mikið í samskiptum og samhæfingu, að hlusta hvert á annað, taka tillit til hvers annars og vera hluti af öflugri liðsheild þar sem allt gengur upp. Allt þetta eru eiginleikar sem er mjög mikilvægt að rækta hjá börnum og unglingum, því þessir eiginleikar spila stórt hlutverk bæði í framhaldsnámi og í atvinnulífinu. Að mínu mati er söngleikjaverkefnið sömuleiðis einstaklega mikilvægt til að sýna unglingunum fram á

hversu mikilvægt það er fyrir þau að fara út fyrir þægindahringinn sinn af og til, því það er þar sem við vöxum mest og töfrarnir gerast. Söngleikirnir gefa þeim tækifæri til að sjá hvers megnug þau eru í raun og veru sem gefur þeim ómetanlegt vegamenti út í lífið.

## Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Grundaskóli hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á menningu og listgreinar, sem er gríðarlega mikill styrkur fyrir skólann. Söngleikjaverkefnið sam-einar allar þessar greinar og sýnir fram á mikilvægi þeirra. Það er dýrmætt fyrir Akranes að rækta list- og menningarvitund unglínganna og gefa þeim tækifæri til að kynna listalífinu af eigin raun. Þetta er fyrirmyndarverkefni sem Grundaskóli má sannarlega vera stoltur af!



## UM HARÐAR SÖGU OG HÓLMVERJA

Sagan segir frá ævi hetjunnar Harðar Grímkelssonar, fjölskyldu hans og vina. Hörður var mikill kappi og afbragð annarra manna og meirihluta ævi sinnar var hann mikill gæfumaður, gat sér góðan orðstír í útlöndum og kvæntist meira að segja dóttur jarlsins á Gautlandi. Eftir fimmtán ár erlendis í félagsskap hermanna og aðalsfólks fluttist Hörður heim til Íslands og gerðist bóndi. Herði búnaðist vel, en fljótlega kom í ljós að bardagakappinn Hörður var ekki gerður fyrir hið kyrrláta líf bóndans og að lokum var hann dæmdur sekur fyrir mannvíg og spellvirki.

Síðustu ár ævi sinnar lifði Hörður sem útlagi og leiðtogi Hólmverja, en þeir voru hópur sekra manna sem höfðust við í Geirshólma í Hvalfirði og rændu sér til matar og lífsviðurværis í sveitunum í kringum Hvalfjörð. Að lokum tóku bændur í Hvalfirði og Borgarfirði sig saman, göbbuðu Hólmverja í land og drápu þá alla, um 60 talsins, í Þyrilsnesi við Hvalfjörð. Þar féll Hörður eftir hetjulega baráttu fyrir lífi sínu. Helga jarlsdóttir, kona Harðar, komst undan á sundi úr hólmanum með syni

þeirra tvo og er þeirrar hetjudáðar hennar ennþá minnst með Helgusundi, sjósundi á milli Geirshólma og ósa Bláskeggssár.

Harðar saga er full af æsi-spennandi atburðum. Eins og í mörgum Íslendingasögum leika spádómar og forlög stórt hlutverk, en einnig þarf Hörður, auk veraldlegra andstæðinga, að glíma við ýmsa galdra og forynjur og er viðureign hans við drauginn Sóta mikilvægur vendipunktur í sögunni. Enginn sem áhuga hefur á sögu Akraness og næsta nágrennis getur látið það ógert að lesa Harðar sögu og Hólmverja.



**Valgarður Lyngdal Jónsson**  
kennari við Grundaskóla





# LEIKHÓPUR OG AÐSTANDENDUR



Aldís Ingibjörg  
Ísólfsdóttir  
SÓTI



Aldís Karen  
Stefánsdóttir  
AFREKA



Alexander  
Almarsson  
VÍKINGUR



Alexander  
Fijal  
TÆKNIMAÐUR



Andrea Martins  
Oddsdóttir  
SÖNGDÍVA



Anna Lísa  
Axelsdóttir  
GUNNHILDUR



Ari Styrmir  
Almarsson  
VÍKINGUR/AUÐUR



Ari Úlrik  
Hannibalsson  
SIÐHVATUR



Arnór Breki  
Guðjónsson  
AÐSTOÐARLEIKSTJÓRI



Atli Freyr  
Bjarnason  
VÍKINGUR



Auður  
Líndal  
SVÍÐSMYND



Aþena Líf  
Vilhjálmsdóttir  
BJÖRK



Christian Sturri  
Watt  
VÍKINGUR



Daníel  
Guðjónsson  
MARKAÐSMÁL



Daníel Mar  
Andrason  
HRÓAR



Davíð Leó  
Hafþórsson  
VÍKINGUR



Einar  
Viðarsson  
LEIKSTJÓRN



Elín Anna  
Viktorsdóttir  
DANSARI



Embla Kristín  
Guðmundsdóttir  
SÖNGDÍVA



Enok Logi  
Ásgeirsson  
HELGI



Ester Guðrún  
Sigurðardóttir  
DANSARI



Eva Þóra  
Sigurjónsdóttir  
ÞORBJÖRG



Eygló  
Gunnarsdóttir  
BÚNINGAHÖNNUN



Fjalar Þórir  
Óttarsson  
VÍKINGUR





Flosi  
Einarsson  
TÓNLISTARSTJÓRN



Guðrún  
Eiríksdóttir  
FRANKVÆMDASTJÓRN



Gunnar Bogi  
Hilmarsson  
VÍKINGUR



Gunnar Heimir  
Ragnarsson  
INDRIÐI



Heikur Darri  
Hermannsson  
ÓLAFUR STÚFUR



Hekla Karen  
Steinarsdóttir  
FRANKVÆMDASTJÓRN



Helena Ósk Somlata  
Einarsdóttir  
DANSARI



Hilmar Oddur  
Arnórsson  
MARKAÐSMÁL



Hrafnhildur Helga  
Arnardóttir  
KORMLÓÐ



Hreinn Bergmann  
Sigurðsson  
VÍKINGUR/GRAFÍSK HÖNNUN



Isak Theodor  
Eidem  
VÍKINGUR/TORFI



Írena Rut Mareks-  
dóttir Binkowska  
DANSARI



Ívar Wesley  
Baldursson  
AÐSTOÐARLEIKSTJÓRN



Jacob  
Margaretuson  
MARKAÐSMÁL



Jóel Birgir  
Áspórsson  
HÖRÐUR



Jóhann Máni  
Ástþórsson  
MARKAÐSMÁL



Jóhanna Vilborg  
Guðmundsdóttir  
HELGA



Jón Auðunn  
Jónsson  
MARKAÐSMÁL



Jónas Laxdal  
Aðalgeirsson  
KJARTAN



Judite Guðbjörg  
da Silva  
SÖNGDÍVA



Karen Líf  
Viðarsdóttir  
BRYNJA



Karina  
Mazurovic  
DANSARI



Katrín Lára  
Sveinbjörnsdóttir  
SEIÐKONAN



Lena Sesselia  
Wiesztal  
DANSARI



Leyla Jessica  
Chaabia  
DANSARI



Lilja  
Guðmundsdóttir  
FRANKVÆMDASTJÓRN



Linda Kristey  
Gunnarsdóttir  
SÖNGDÍVA



Lovísa Liljudóttir  
Daðadóttir  
GRAFÍSK HÖNNUN



Maksymilian  
Marek Zak  
MARKAÐSMÁL



Margrét  
Magnúsdóttir  
ÓFEIGUR





Margrét Saga  
Gunnarsdóttir  
SÖNGSTJÓRN



Marta Sóley  
Helgadóttir  
VIÐÍÐS



Natan Dagur  
Berndsen  
MARKAÐSMÁL



Nói Andersen  
Valdimarsson  
MARKAÐSMÁL



Nojus  
Vilimas  
MARKAÐSMÁL



Rakel Irma  
Aðalsteinsdóttir  
SÖNGDÍVA



Robert Elli  
Vífílfsson  
GLÚMUR



Róbert Leó  
Steinþórsson  
GRÍMKELL



Samúel Örn  
Ólafsson  
LJÓSAMADUR



Sandra  
Ómarsdóttir  
DANSSTJÓRN



Sindri Leó  
Róbertsson  
VIKINGUR



Snorri  
Kristleifsson  
TÆKNIMÁL/LEIKSKRÁ



Svava Guðfinna  
Ingvarsdóttir  
SÖNGDÍVA



Telma Kristín  
Ingvarsdóttir  
DANSARI



Theodór Orri  
Ariliusson  
MARKAÐSMÁL



Tinna Björg  
Jónsdóttir  
DANSARI



Ursula Ragna  
Ásgrímsdóttir  
FRAMKVÆMDASTJÓRN



Victor Máni  
Ólafsson  
MARKAÐSMÁL



Victoria Rachel  
Zamora  
BÚNINGAR



Viktor  
Gaciarski  
GEIR



Viktoría  
Halldórsdóttir  
SÖNGDÍVA



Viktoría Thelma  
Ólafsdóttir  
TÆKNIMADUR



Viktoría Vala  
Hrafnisdóttir  
DANSARI



Vladyslav  
Kharlanov  
MARKAÐSMÁL



Volodymyr  
Moskvychov  
MARKAÐSMÁL



Þorgerður  
Söruadóttir  
SÖNGDÍVA



Þorsteinn Dagur  
Newton  
MARKAÐSMÁL



Örn  
Arnarson  
LJÓSMYNDUN





# BÍÓHÖLLIN



14.des



19.des



20.des



Væntanlegt í bíó



4.jan

Nýárstónleikar



7.feb

Classic Rock

# KROSSGÁTA

## Lárétt:

- 6: Hátt glymur í tómri.....
- 7: Heitið á leikritinu
- 9: Vinir Harðar í Harðarsögu
- 11: Í hvaða firði gerist sagan?
- 12: Nafnið á manninum sem sagan fjallar um
- 14: Maður í gamla daga á Norðurlöndunum
- 15: Átök á milli aðila

## Lóðrétt:

- 1: Sögur eins og Laxdæla, Brennu-Njálssaga o.s.frv.
- 2: Hver lék Grímkel í fyrstu uppsetningu Vítahrings?
- 3: .....Ljótí
- 4: Grunnskólinn sem setur upp leikritið
- 5: Landið sem við búum á
- 8: Á hvaða sögu byggir leikritið?
- 10: Lag sem fjallar um einhvern sem er að plata
- 13: Einstaklingur sem er eign annars



**BÓKASAFN AKRANESS**  
AKRANES PUBLIC LIBRARY



**AKRABERG**

15



**Monkeys**  
FOOD & WINE



# BAKHJARL TEKINN TALI

## EYBÓR ÓLI FRÍMANNSSON

### Hvernig fyrirtæki er Topp Útlit?

Við erum skiltagerð og merk-ingafyrirtæki. Við prentum allt frá pínulitlum lím-miðum upp í myndir á heilu vörubílana.

### Hversu lengi hefur Topp Útlit starfað?

Fyrirtækið er stofnað 2003 og hefur verið starfandi allar götur síðan. Samsagt nýbúnir að fagna 20 ára afmæli.



Stefán Trausti og Eybór Óli á góðri stundu

Topp Útlit er fyrirtæki sem hefur alltaf stutt vel við hin ýmsu skólaverkefni. Hversu mikil-vægt finnst þér að styðja slík verkefni?

Fyrir mér skiptir það gríðarlegu máli. Sonur minn tók þátt í sýningu fyrir nokkrum árum. Þegar maður sér hversu mikla vinnu nemendur og kenn-arar leggja á sig í þessum verkefnum, þá finnst mér nú mitt framlag ekki svo mikið. Mér finnst gaman að geta lagt mitt af mörkum eins og ég get því þetta er svo mikil upplifun fyrir alla sem koma nálægt svona verkefni. Hvort sem það eru áhorfendur, leikarar, leikstjórar eða nem-endurnir og fjölskyldur þeirra. Sumt er einfald-lega ekki hægt að meta í krónum og aukum.



# TOPP ÚTLIT

-merkingar-

## ORÐASÚPA

E Z O D F L N Q V E M I E I E N U W V C  
 F M P N W Z F M J M G P X G M O R L G N  
 J D Z X B T F D K K G L V V D A T L A D  
 O M R L O Y T V R Z B E D D K D J E B J  
 S J U F P Y P U Í J V A G L E H X K L K  
 B M B V U A Q S Ö T U Y Z P M S Y M X D  
 V A D F E M Q R S Q A Y B I B Y V Í H V  
 N P F M Q J K H E I Z H G H W J K R K X  
 V Y I U L P F Z L T X Y R Z I C O G N R  
 R O P Ð Ö L M R O K L R P I F T N X U U  
 R U S J U W X X H A A B R Z N I C Ð U M  
 B N Ð F Q G V A G J A L P X P G Æ G O U  
 D R N R Z C T U R N H Q Y U F R U V V A  
 O F Y B Ö Y A E I H A Y I X B T E R S R  
 K W V N F H V N E N J T A T G B A S T D  
 U S E T J M H F G O Ó X S D R A A V T A  
 N K I J L A J G W S X Ó Z Y A F R E K A  
 M Y U Ó M A P G Z J F J Z W F G P R W H  
 C F H H X S V C H Ö F Ð I N G I K Ð D F  
 A D Q V A X W X S T T U T K Y T I Q U K

VÍTAHRINGUR  
 HÖFÐINGI  
 DRAUMUR  
 AFREKA  
 BRYNJA  
 KORMLÖÐ  
 SÓTI  
 SVERÐ  
 HÓLMVERJAR  
 HÖRÐUR  
 BJÖRK  
 FÓSTBRÆÐUR  
 HAUGALYGI  
 GRÍMKELL  
 GEIR  
 HELGA



**REYNIR JÓHANNSSON**

Hópférðabílar Reynis eiga bíla við öll tækifæri

 [hopo.is](http://hopo.is)

 Akranesi, Mosfellsbæ, Stóra-Lambhaga

**PANTANIR**

[hopo@simnet.is](mailto:hopo@simnet.is)



# AFTUR TIL ÁRSINS 2008

## SVERRIR MAR SMÁRASON

### Hvernig fannst þér að taka þátt í svona verkefni?

Æðislegt. Klárlega reynsla sem ég hef tekið með mér út í lífið síðan. Svona stórt verkefni á þessum tíma gaf mér rosalega mikið hvað varðar sjálfstraust og framkomu. Það var líka geggjað að læra söguna á þennan hátt.

### Hvað er uppáhalds atriðið þitt úr Vítahring?

Dauðastundin er líklega besta atriði sem Einar, Flosi og Gunnar hafa sett á svið. Dramatíkin í hámarki, hjá flestum renna tár.

### Hver var uppáhalds persónan þín í verkinu?

Mér fannst auðvitað frábært að fá að leika Grímkel en Glúmur var vel túlkaður af Danna Magg og svo man ég ekki nafnið á persónunni hennar Veru Kristínar en sú var skemmtileg.

### Ertu með einhver ráð fyrir krakka sem eru að taka þátt í leikritinu í ár?

Ég mæli bara með því að njóta augnabliksins, hvort sem það



er á langri æfingu eða á sýningu. Þetta er tækifæri sem þið fáíð kannski ekki aftur svo njótið í botn.

### Fannst þér leikritið breyta einhverju fyrir félagslífið í unglingadeildinni?

Já á einhvern hátt gerði það það. Leikhópurinn og allir í kring komu saman úr ólíkum áttum og sameinuðust yfir leikritinu. Dýnamíkin breyttist klárlega til hins betra.

### Hvað er eftirminnilegasta úr öllu ferlinu?

Langir dagar bæði í Grundaskóla og svo í Bíóhöllinni standa uppúr. Matur frá foreldrum og endalausa vinnan við að koma verkinu saman. Svo naut ég mín best þegar salurinn var orðinn fullur og það var komið að show time.

### Myndir þú mæla með að taka þátt í svona verki?

100%. Sjálfur hefði ég viljað gera það aftur árið eftir. Maður hefur séð marga fara í gegnum svona verkefni og koma út úr því sem stærri og sterkari manneskjur. Það er hollt fyrir alla að prófa eitt-hvað nýtt og láta á sig reyna.

### Eitthvað að lokum?

Mikið ofboðslega hlakka ég til að mæta og sjá leikritið „mitt“ í nýrri uppsetningu. Loksins get ég sest í salinn og notið þess að horfa á Vítahring.



PENNINN

Eymundsson

## ÞÖKKUM EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM KÆRLEGA FYRIR STUÐNINGINN!

### Steðji

Málningarvinna Carls  
HK málun  
Verkalýðsfélag Akranes  
HM pípulagnir Akranesi  
Nítjándi  
Ison  
Hans og Gréta  
Llorens hárstofa  
Model  
Lykkjan

### @home

Hárstudio  
Bílaverkstæði Badda  
Verslunin Einar Ólafsson  
Pípó  
Galito  
Bílar og dekk  
Verslunin Nína  
Íslandsbanki  
Kjartan Guðjóns SFL  
Trésmiðjan Akur

### Verslunin Bjarg

Mozart  
JG tannlæknastofa  
GG lagnir  
Hárcenter  
Beiersdorf  
S. Gunnbjörnsson  
Raritet  
Lagnir og stýringar  
AK-pípulagnir



# LÍFIÐ Í GRUNDÓ

## 7. bekkur

Það er hefð fyrir því að nemendur 7. bekkjar lesi bókina Vítahring eftir Kristínu Steinsdóttur og vinni ýmiskonar verkefni tengd sögunni. Vítahringur fjallar um líf fólks á Íslandi fyrir meira en þúsund árum. Þrælar, kappar, bardagar og galdrar koma við sögu en fyrst og fremst er sagan um strák sem vill lifa friðsamlegu lífi og það reynist ekki auðvelt.

Það er gaman fyrir nemendur 7. bekkjar í ár að nemendur 10. bekkjar séu að setja upp söngleikinn Vítahring og stefnum við á að vera búin að lesa bókina fyrir frumsýningu.



## 9. bekkur

Krakkar með krökkum er leiðtoga- og bekkjarandaverkefni fyrir nemendur í 9. bekk, með það að markmiði að efla jákvæða leiðtogahegðun og fyrirbyggja einelti. Verkefnið hvetur eldri nemendur til að vera fyrirmyndir fyrir yngri börn og styrkir þannig bekkjaranda í báðum hópum. Nemendur í 9. bekk fá þjálfun hjá Aldísi Rós og Berglindi til þess að leiðbeina börnum í 3. til 6. bekk í sex skipti.





## 1. bekkur

Í 1. bekk er byrjendalæsi þar sem unnið er á stöðvum með fjölbreytt verkefni í lestri og skrift.

Einnig leggjum við áherslu á útikennslu og í haust höfum við verið að vinna með úti-eldun, smíðar, tálgun, skordýraleiðangra, form í náttúrunni og talningu og náum þannig að tengja saman bóklegt nám og útikennslu.







**Akraborg**



# ÞÁTTTAKENDUR TEKNIR TALI

## Ari Úlrik

### Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu?

Ég leik Sighvat sem er vinnu- maðurinn hans Geirs, ég á tvær dætur sem heita Björk og Brynja.

### Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?

Mér finnst það rosalega skemmtilegt.

### Hver eru helstu áhugamálin þín?

Áhugamálin mín eru rosalega mörg en helstu eru amerískur fótbolti, tíska og plöntur.



## Róbert Leó

### Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu?

Ég er að leika strák sem heitir Grímkell og hann er sonur Harðar. Grímkell er höfðingja-sonur sem á að hefna og drepa en hann vill bara yrkja ljóð og ekki meiða neinn.

### Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?

Mér finnst það rosa gaman og skemmtilegt að taka þátt.

### Hver eru helstu áhugamálin þín?

Körfubolti og að leika.



## Davíð Leó og Atli Freyr

### Segið okkur frá hlutverkunum ykkar í leikritinu?

Við erum mikilvægir víkingar númer 1 og 3 og við birtumst seint í sögunni.

### Hvernig finnst ykkur að taka þátt í leikritinu?

Okkur finnst þetta vera mjög skemmtilegt og flott lið.

### Hver eru helstu áhugamálin ykkar?

Við höfum sameiginlegan áhuga á fótbolta.



## Katrín Lára

### Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu?

Ég er seiðkona sem er í byrjun og hún segir frá bölvun Sóta.

### Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?

Mér finnst það geggjaðslega gaman en samt líka krefjandi.

### Hver eru helstu áhugamálin þín?

Mín helstu áhugamál eru fótbolti, crossfit og að leika.



## Eva Þóra

### Segðu okkur frá hlutverkinu þínu í leikritinu?

Ég leik Þorbjörgu sem er systir Harðar í leikritinu og karakterinn minn er svaka stjórnsöm.

### Hvernig finnst þér að taka þátt í leikritinu?

Mér finnst það rosa skemmtilegt og geggjuð upplifun

### Hver eru helstu áhugamálin þín?

Ég elska að vera með vinkonum mínum, tísku og að hlusta á tónlist.



## Helena, Elín Anna og Írena

### Segið okkur frá hlutverkinu ykkar í leikritinu?

Við erum dansarar í leikritinu og komum oft við sögu í lögunum.

### Hvernig finnst ykkur að taka þátt í leikritinu?

Alveg geggjað og mælum mikið með að taka þátt!

### Hver eru helstu áhugamálin ykkar?

**Elín:** Mér finnst gaman í fótbolta, golfi, vera með vinum og baka.

**Helena:** Mér finnst gaman í fótbolta.

**Írena:** Mér finnst gaman að dansa.





## SÓTI

Ég er suddalega svalur gaur – hann Sóti ljóti  
Á svakalega mikinn aur – hann Sóti ljóti  
Ég á ofboðslega flottan hring – hann Sóti ljóti  
Og fágætt sverð sem segir kling – hann Sóti ljóti

Ég kominn er í hörku stuð – hann Sóti ljóti  
Og hlusta ekki á neitt tuð – hann Sóti ljóti  
Förum öll í eina röð – með Sóta ljóta  
Og fáum okkur sætan mjöð – með Sóta ljóta

Upp með hendur, hrista lendur, nú er ég kenndur  
VÁ!

Hann Sóti hann er svaka gaur  
Sem að aldrei verður staur  
Ég segi ba ba ba ba  
Ba ba ba ba  
Já strákar ba ba ba ba  
Ba ba ba baaaa

Einn hann þarf að húka í þessum haug  
Hamstola og þanin er hver taug  
Hann hefur hvorki vatn né volga laug  
Hann er búinn, alveg búinn, og svo lúinn, alveg  
búinn... er það satt!

Nei!

Hann Sóti hann er svaka gaur  
Ég segi ba ba ba ba  
Já ba ba ba ba  
Koma svo strákar syngja með

Það er stuð, stuð, stuð, stuð.  
Stuð, stuð, stuð, stuð – með Sóta ljóta

**Lag og texti:** Einar Viðarsson og  
Gunnar Sturla Hervarsson



## HÓLMVERJASAGA

Hérna er saga um Hólmverja einn  
Hörður hét maðurinn sá  
Hans fyrsta ganga var ekki greið  
Því gröm var hans móðir og leið

Sverðið og hringinn í haugnum hann fann  
Hjálminn og skínandi gull  
Helgu jarlsdóttur Hörður fékk  
Við hlið hennar stoltur hann gekk

Við hlið hennar stoltur hann gekk

Hann átti í deilum við Torfa og Auð  
og eignaðist Breiðabólstað  
Hann bæ sinn brenndi og yfirgaf  
Í bræði hann konur tvær drap

Í útleð var dæmdur á Alþingi  
En óttaðist alls ekki neitt  
Í Botni fékk hæli hjá fóstbróður Geir  
Saman börðust sem áður þeir tveir

Saman börðust sem áður þeir tveir

**Lag og texti:** Flosi Einarsson





## FRAMTÍÐARDRAUMAR

Ég ætla að verða vikingur  
Vígrefur og klár  
Sigla um sæinn endalaust  
Svona allavega í ár

Sverðið hef ég hátt á loft  
Hegg alla oní gólf  
Rupla og ræna í hverri höfn  
Og fella eina tólf

En hvað verður þú?  
Já svaraðu nú?  
Hver verður þú?

Mig dremmir líka um ókunn lönd  
Að komast héðan frá  
Fjöll og dal við fagra strönd

Fljótt ég verð að sjá  
Í Gautalandi gæti eg  
Gengið forna slóð  
Séð allt sem fyrir augun ber  
Og sigrað, land og þjóð

En hvað verður þú?  
Já, svaraðu nú?  
Hvar verður þú?

Hvar verðum við?  
Hvað segið þið?  
Hver verðum við...

Svo segðu okkur  
Þú mikla goð  
Já, segðu okkur!  
Segðu okkur satt - hvar endum við?  
Segðu okkur satt - hver verðum við?

**Lag og texti:** Einar Viðarsson og  
Gunnar Sturla Hervarsson

KALLABAKARÍ

Verið velkomin í kaffi og með þú... .



ROÐ

VEITINGAR

LIGHTHOUSE  
RESTAURANT





## ALDREI

Einu sinni áttum við  
Annað líf - ég og systir mín  
Ólumst upp við írskan sið  
Mikla ást - ég og systir mín  
En einn daginn, drungalegan, komu þeir  
Elsku bróðir - og ég sá þig aldrei meir

Aldrei verður mín  
Hamingjan án þín  
Hafið tók þig frá mér  
Aldrei mun ég sjá  
Úr augum ástarþrá  
Frelsið nú mér forboðið er

Voðalegir víkingar  
Vondir menn - við förum burt með þeim  
Yfir hafið okkur bar  
Aldrei meir - við förum aftur heim  
Allt í einu - Íslandsstrendur blöstu við  
Elsku systir - ambáttir nú erum við

**Lag og texti:** Flosi Einarsson





## SÖNGUR HELGU

Út um engi og hlíðar  
Árnar renna um blíðar  
Fuglar seiðandi söng  
Syngja vorkvöldin löng  
Grasið verður ei grænna  
Og veðrið ei vænna  
Þar vaxa vinalæg blóm  
Við náttúrunnar samhljóm

Við syngjum lag um sumardag  
Um fjarlæg lönd við fagra strönd  
Þar sem sól skín í heiði  
Yrkir ljóð sumarblær  
Við syngjum lag um fagran dag  
Um fjarlæg lönd og hlýja strönd  
Þar sem sól skín í heiði  
Og fólkið brosir og hlær

Þar gengur fólk út á götu  
Selur grænmeti úr fötu  
Börnin bregða á leik  
Við veröldina ósmeyk  
Því þar er enginn til vansa  
Allir hlæja og dansa  
Í heimalandið mitt hreint  
Hugurinn reikar beint

**Lag og texti:** Gunnar Sturla  
Hervarsson og Flosi Einarsson



## DRAUMUR GUNNHILDAR

Ef ég þarf að elska einhver mann  
Má ég ekki velja mér hann?  
Einn sem er á aldri við mig  
Kannski svona strák eins og þig

Hann skal vera eins og Þór  
Sterklegur og stór  
Og máttulega mjór Í hönd og huga frjór  
Hann skal líka vera klár  
Svo kappsamur og knár  
Með ljóst og liðað hár  
Mig elska um ævi og ár  
Uppfylla mínar þrár  
Hvar er hann?  
Hvar er hann?  
Ég vil eiga þennan mann

Hann má ekki vera eldgamall gaur  
Grútskítugur, lykt af hlandi og saur  
Ekki tannlaus fýr með táfýlu og slef  
Ekki gefinn fyrir hefndir og þref

Nei, hann skal vera eins og Þór  
Sterklegur og stór  
Og máttulega mjór Í hönd og huga frjór  
Hann skal líka vera klár  
Svo kappsamur og knár  
Með ljóst og liðað hár  
Mig elska um ævi og ár  
Uppfylla mínar þrár  
Hvar er hann?  
Hvar er hann? Ég vil eiga þennan mann  
Hver er hann?  
Hver er hann? Ég vil eiga svona mann

Dadada, dadada  
Hvar finn ég svona mann?

**Lag og texti:** Gunnar Sturla Hervarsson



## HÁTT GLYMUR Í TÓMRI TUNNU

Drambið er falli næst  
Ábyrgð minnsta bera orðin fæst  
Glúmur þú skalt gæta að þér  
Gáfur þínar litlar finnast mér

Sverðaglamur - Á ei við mig  
Ég vil heldur yrkja ljóð um þig

Hátt glymur í tóMRI tunnu  
Telur sig vera betri en við  
Hátt glymur í tóMRI tunnu  
Taktu Glúmur upp betri sið  
Gefð oss grið

Sá hlær best er síðast hlær  
Ekki reyn'að troða mér um tær  
Fara vilt í ferðalag  
Frækna sigra vinna sérhvern dag  
Bogfímikeppni - Á ei við mig  
en þrælastelpa gjörsgraði þig

Hátt glymur í tóMRI tunnu  
Telur sig vera betri en við  
Hátt glymur í tóMRI tunnu  
Taktu Glúmur upp betri sið  
Gefð oss grið

**Lag og texti:** Einar Viðarsson og  
Flosi Einarsson



## HÚSIÐ Á HEIÐINNI

Hárið ljóst  
Svo hýr á brá  
Og augun svo fallega blá  
Að líta á

Hamast hjarta  
heitt og þráir það eitt  
Að þegar tíminn tekur oss með  
Til að gleyma því sem hefur skeð  
Sé fyrirséð

Að þá reisum við hús upp á hæðinni  
Höfum þetta allt á þolinmæðinni  
:,:Ég og þú, ég og þú, ég og þú,::

Þegar sól fer hátt yfir fjöllin  
Þegar andar vorgolan hlý  
Þegar dagur er á risin ný  
Myrkrið horfið er algleymi í  
Og fyrir bí

Þá reisum við hús upp á hæðinni  
Höfum þetta allt á þolinmæðinni  
:,:Ég og þú,::

Þá reisum við hús upp á hæðinni  
Og við elskumst og köstum svo mæðinni  
:,:Ég og þú, ég og þú, ég og þú,::

**Lag og texti:** Gunnar Sturla Hervarsson





## HAUGALYGI

Eitt sinn var ég út á landi  
Er að mér sótti vandi – HA!  
Já... skógarbjörninn einn ég fældi  
Hann gretti sig og þandi  
Þá snéri ég' ann nakinn niður  
En þótti það mjög miður  
Að greyið dýrið grét og skældi  
Uns yfir það kom loks friður.

Hættu nú

Lalala

Engum ferst þó um ég yrki  
Er barðist ég við Tyrki – Nei!  
Hegg ég þarna hundrað stykki  
Og hálf um fleiri kyrki  
Að kom einhver rosa risi  
Og lá við að ég frysi  
En ég tek þetta ofsa flykki  
Og kasta því eins og smáfisi

*Viðlag:*

Helvítis, helvítis haugalygi  
Helvítis, helvítis vitleysa  
Helvítis, helvítis haugalygi  
En samt er hellingur til í því  
Lalala

Þetta er ekkert ykkur segi  
Er (ég) sigldi mínu fleyi  
Í strand á einu litlu skeri  
Og dauðastríð ég heyi  
Mig hákarl hugðist í sig brytja  
Ég hamast um og strita  
Með höggi einu út um geri  
Og ét í einum munnbita

*Viðlag*

Það er sagt um góða sögu  
Sem að berst til mannfjöldans  
Það er sagt um góða sögu  
Hún má ei gjalda sannleikans

;:Helvítis, helvítis haugalygi  
Helvítis, helvítis vitleysa,:  
Helvítis, helvítis, helvítis, helvítis  
haugalygi

*Lygi!*

Mikið ofboðslega ertu lyginn  
Hana nú, hættu nú  
Mikið svakalega ertu lyginn  
Hættu nú, hana nú

**Lag:** Einar Viðarsson og  
Gunnar Sturla Hervarsson  
**Texti:** Gunnar Sturla Hervarsson





## ÞAUFÁSTUND

Eitt lítið tár  
Í tómi fellur  
Í opið sár  
Nú rennur blóð  
Eins og áður  
Í þína slóð

Feigðin kallar  
Leiðir allar  
Lokast okkur nú - lokast nú

Hey, hey – hey, hey  
Ef ég dey  
Muntu minnst mín - alla tíð?

Vindur í hárinu  
Úr öllu fárinu  
Við syndum burt  
Getum ei – verið um kjurt  
Við förum okkar leið

Blóðugur slagurinn  
Er örlagadagurinn  
Hér og nú?  
Munum við svo aftur snú?  
Sameinuð þá ég og þú  
Við förum okkar leið

Segðu - að það sé ekki of seint  
Segðu- að allt sé hægt  
Segðu – við getum vonað, reynt  
Segðu- að allt sé hægt

Komið að kveðjustund  
Einn lítinn ástarfund  
Við áttum nú – ég og þú  
Í hinsta sinn ég kveð þig nú  
Ég og þú  
Hver fer sína leið

Segðu - að það sé ekki of seint  
Segðu - að allt sé hægt  
Segðu - við getum vonað, reynt  
Segðu - að allt sé hægt

Hey, hey – hey, hey  
Ef ég dey  
Muntu minnst mín - alla tíð?

**Lag:** Gunnar Sturla Hverarsson  
**Texti:** Flosi Einarsson og  
Gunnar Sturla Hverarsson



Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi

# Alltaf fjör á Fjölbraut!

Fjölbreytt nám við allra hæfi

Frábært félagslíf

Öflug stoðþjónusta



## HARALDUR HÁRFAGRI

Haraldur einn ríkti um Noregs láð  
Við afar bágan orðstýr og þó nokkuð háð  
Við víkinga hann barðist dægrin löng  
Og uppskar lítið nema þennan níðssöng

Hann hét að skerða ei hár sitt eða skegg  
Heldur koma höndum yfir hvern óeirðasegg  
Af þessu hann varð ófríður og grár  
Illu haldinn, aumur, og vinafár

Hann Haraldur  
Var hárfagur  
En heldur mjór  
Og óttalega sljór  
Hann bara sat  
Því fátt hann gat  
Nema gretta sig og geifla  
Sverðinu sveifla  
Þetta var allt og sumt

Eitt var það sem öllum þótti að  
Ei hann hirti um að fara í bað  
Af honum lagði svaka svitalykt  
Sem að olli kveisum og krónískri gift

Hann var vitleysingur - viti menn  
Vild'aðeins gull og glingur – og gerir enn  
Hann kunni ekki að stauta staf af bók  
Stundi bara þungan og gerði í brók

Hann Haraldur  
Var hárfagur  
En heldur mjór  
Og ofboðslega sljór  
Hann bara sat  
Því fátt hann gat  
Nema gretta sig og geifla  
Sverðinu sveifla  
Reka við og æla  
Grenja, væla og skæla  
Já, þetta var allt og sumt

Hvað á að gera við svona mann?  
Hengj 'ann upp í hæsta tré og flengj 'ann  
Því það má ekki rengj'ann  
Heldur ekki sprengj'ann  
Þaðan af síður svengj'ann

**Lag og texti:** Gunnar Sturla Hervarsson



## VÍTAHRINGUR

Eitt sinn óx úr grasi  
Prúður sveinn í fasi  
Manstu Grímkel Harðarson  
Létt var ei sú lundin  
Né löng hans ævistundin  
En aldrei missti drengurinn von

Vonlaus vítahringur  
Sama lagið syngur  
Ekki er gæfan grandalaus  
Hann eigi vildi hefna  
heldur loforð efna  
hann vildi forðast heimsins raus

**Viðlag:**  
:,;Sagan segir mér  
Sjálfsagt líka þér  
Að allir geta lent í vítahring:,;

Hann vildi heldur mega  
Afreku að eiga Ástin spyr ekki um stað  
Köttur út í mýri Úti er ævintýri  
Í þeirra ævi brotið var blað

**Viðlag**

Nú sagan er á enda góðir hálsar  
Og enginn veit hvað lærum við af því  
Friðurinn er fyrir öllu finnst mér nú  
Föngum hamingjuna í snatri ég og þú

**Viðlag**

**Lag:** Einar Viðarsson og Flosi Einarsson  
**Texti:** Flosi Einarsson





# „HVORT SEM ÞAÐ ER AÐ REDDA GÖMLU PIANÓI EÐA GALDRAPOTTI“

RÆTT VIÐ AUÐI LÍNDAL SVIÐSMYNDARSÉNI

Ég hef unnið í Grundaskóla síðan 2018 við hin ýmsu verkefni sem stuðningsfulltrúi. Í haust tók ég síðan við taumunum á skólabókasafninu.



Ég er svo heppin að hafa tekið þátt í verkefninu Vetrarnætur á Byggðasafninu síðan 2017.

Draugahúsið er hálfgerð leiksvið og hafa nemendur hjálpað til við það ásamt foreldrum og fleirum. Sú vinna hefur mér þótt mjög skemmtileg.

Hvað leikverk varðar, þá byrjaði ég á að taka þátt sem foreldri í leikritinu Smell sem var sýndur í Bíóhöllinni árið 2018 við að safna leikmunum, hjálpa til við að mála leikmynd og allskonar. Í framhaldinu tók ég þátt í Litlu hryllingsbúðinni árið 2019 sem Skagaleikflokkurinn setti á svið í Bíóhöllinni og bjó til meðal annars nöfnu mína plöntuna Auði ásamt Kolbrúnu Sigurðardóttur, það var frábært verkefni. Svo hef ég bara þvælst sem foreldri í sviðsmyndagerð t.d. í leikritinu Nornaveiðum sem árgangur 2007 setti upp og svo sem starfsmaður Grundaskóla var ég með í uppsetningu á leikritinu Úlfur úlfur sem árgangur 2008 setti upp. Síðan tók ég enn og aftur sem foreldri þátt í uppsetningu á Grease sem Fjölbrautaskóli Vesturlands setti upp í vor og Einar Viðarsson leikstýrði líkt og þeim skólaverkefnum sem ég hef tekið þátt í.

Öll þessi vinna finnst mér frábær, bæði skemmtileg og stundum krefjandi en það er bara gaman að púsla saman hlutum, helst því ómögulega og sjá þá verða að veruleika frá hugmynd á blaði. Reyndar heldur Einar manni alveg á tánum með það hvað hann vill og maður reynir að finna út hvernig hægt er að gera það að veruleika. Með hjálp frá frábærum foreldrum sem standa á bakvið krakkana er hægt að gera ótrúlega hluti.



Auður í Draugahúsinu 2022



Kolbrún, Auður og Auður  
Litla Hryllingsbúðin (2019)



Nornaveiðar (2023)

Úlfur úlfur (2024)



Grease (2024)





# ÚRVAL AF VEGGJA- OG LOFTAMÁLNINGU

Veitum ráðleggingar við val á efni  
*Ver slun í heimabyggð*



# BRESABÚÐ

Kalmansvöllum 1a, 300 Akranes - sími 431-5155









# TRYGGJUM ÓLA SEM FYRIRLIÐA KJÖRDÆMISINS



**1. SÆTI**  
**ÓLAFUR**  
**ADOLFSSON**







ASKJA  
VESTURLANDI

# Askja Vesturlandi hefur nú opnað þjónustuverkstæði.

Við þjónustum  
Mercedes-Benz, Kia og Honda bifreiðar.

Við tökum vel á móti ykkur á Innnesvegi 1.

